



## Fundur í sveitarstjórn

**91. fundur sveitarstjórnar, aukafundur, Langanesbyggðar haldinn í félagsheimilinu Þórsveri Þórshöfn, mánudaginn 29. október 2018. Fundur var settur kl. 17:00.**

**Mætt voru:** Þorsteinn Ægir Egilsson oddviti, Mirjam Blekkenhorst, Halldór Rúnar Stefánsson, Jósteinn Hermundsson, Siggeir Stefánsson, Sigríður Friðný Halldórsdóttir, Sólveig Sveinbjörnsdóttir, Elías Pétursson sveitarstjóri og Jónas Egilsson skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð.

Oddviti setti fundinn spurði hvort gerð væri athugasemd við fundarboð. Svo var ekki.

Að því loknu var gengið til dagskrár.

### Dagskrá

- 1) Samþykktir Langanesbyggðar – síðari umræða

### Fundargerð

#### 1. Samþykktir Langanesbyggðar – síðari umræða

Drög að nýrri samþykkt um stjórn Langanesbyggðar lögð fram til síðari umræðu í sveitarstjórn.

Til máls tóku: Mirjam Blekkenhorst. Elías Pétursson veitti andsvar. Sigríður Friðný Halldórsdóttir. Elías Pétursson veitti andsvar. Siggeir Stefánsson, Mirjam Blekkenhorst. Elías Pétursson veitti andsvar. Halldór Rúnar Stefánsson, Siggeir Stefánsson. Elías Pétursson veitti andsvar. Þorsteinn Ægir Egilsson.

**Bókun um afgreiðslu:** Sveitarstjórn samþykkir framlögð drög og felur sveitarstjóra að afla staðfestingar samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins. Miða skal við að nýjar samþykktir taki gildi 1. janúar 2019. Sveitarstjóra er einnig falið að vinna drög að samþykktum um þóknun fyrir setu fulltrúa í stjórnnum og ráðum sveitarfélagsins og leggja fyrir næsta reglulega fund sveitarstjórnar.

Samþykkt með atkvæðum: Þorsteins Ægis Egilssonar, Mirjam Blekkenhorst, Halldórs Rúnar Stefánssonar, Jósteins Hermundssonar.

Á móti: Siggeir Stefánsson, Sigríður Friðný Halldórsdóttir, Sólveig Sveinbjörnsdóttir.



Til máls tók Siggeir Stefánsson og lagði fram svohljóðandi bókun frá U-listanum:

Það er skoðun U listans að gera þurfi breytingar á nefndarskipan Langanesbyggðar með því að fækka nefndum og stofna hverfisráð á Bakkafirði en við teljum ekki þörf á stofnun byggðaráðs.

Teljum við Byggðaráð í stjórnsýslu Langanesbyggðar henti ekki sveitarfélagi af okkar stærð og markmið að góðri og opinni stjórnsýslu Langanesbyggðar verði skilvísari með tveimur opnum fundum sveitarstjórnar í mánuði.

Fundargerðin var upplesin og samþykkt samhljóða.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17:45.